

## Tillögur starfshóps um málefni grindvískra barna

12. apríl 2024

### Markmið:

- Stuðla að stöðugleika í lífi barna og minnka álag á fjölskyldur frá Grindavík
- Vinna gegn félagslegri einangrun, tilfinningalegum erfiðleikum og stuðla að félagslegri virkni grindvískra barna og ungs fólks
- Stuðla að inngildingu barna og ungs fólks frá Grindavík og tryggja góða farsældarþjónustu
- Tryggja börnum og ungu fólki gott umhverfi fyrir leik og nám
- Tryggja að starfsfólk haldi áfram störfum í skóla og frístundastarfi og geti nýtt þá þekkingu sem það býr yfir

### Tillögur

- Ekki verður skólastarf í Grindavík næsta skólaár. Safnskólar fyrir leik- og grunnskólabörn verði lagðir af og öll börn sækja skóla sem næst sínu heimili. Sérstakur samningur við sveitarfélag um skólastarf fyrir börn sem verða með lögheimili og búsetu í Grindavík.
- Áhersla á að foreldrar sem enn verða með óráðna búsetu í haust hafi aðgang að leikskólalássi
- Lagt er til að Grindavíkurbæ hefji samtal við önnur sveitarfélög um sveigjanleg skólahverfi grunnskóla þannig að foreldrar grindvískra barna geti valið skóla óháð skólahverfi í sveitarfélagi meðal annars m.t.t. félaga/vina
- Lagt er til að áhersla verði lögð á réttindi og atvinnuöryggi starfsfólks í skóla- og frístundastarfi í Grindavík verði tryggð í samstarfi við sveitarfélög, stéttarfélög, Virk, VMST.
- Sálfélagslegur stuðningur verði í boði fyrir börn og ungmenni frá Grindavík a.m.k. næstu þrjú ár.
- Lag er til að áhersla verði lögð á frístundastarf fyrir börn og ungmenni frá Grindavík í sumar
- Miðlæg félagsmiðstöð fyrir börn og ungmenni til viðbótar við frístundastarf í nærsamfélagi.
- Að börn og ungmenni í tónlistarnámi geti haldið því áfram

## Tillögur og drög að aðgerðum

- Ekki verður skólastarf í Grindavík næsta skólaár. Safnskólar fyrir leik- og grunnskólabörn verði lagðir af og öll börn sækja skóla sem næst sínu heimili. Sérstakur samningur við sveitarfélag um skólastarf fyrir börn sem verða með lögheimili og búsetu í Grindavík.
  - Gera þarf samning við sveitarfélag um skólastarf fyrir börn með lögheimili og búsetu í Grindavík
  - Tryggja leikskólavistun barna frá Grindavík með samkomulagi við sveitarfélög
  - Foreldrar geti sótt um leikskólapláss fyrir næsta ár þar sem þeir eru með aðsetur, óháð því hvort þeir hafi fært lögheimili þegar sótt er um.
  - Foreldrar geti sótt um frístund fyrir næsta skólaár þar sem þeir eru með aðsetur, óháð því hvort þeir hafi fært lögheimili þegar sótt er um.
- Sveigjanleg skólahverfi grunnskóla þannig að foreldrar grindvískra barna geti valið skóla óháð skólahverfi í sveitarfélagi meðal annars m.t.t. félaga/vina
- Foreldrar sem enn verða með óráðna búsetu í haust hafi aðgang að leikskólapláss í Semja þarf við sveitarfélög / leikskóla um undanþágu fyrir foreldra sem verða í þessari stöðu
- Réttindi og atvinnuöryggi starfsfólks í skóla- og frístundastarfi í Grindavík verði tryggð í samstarfi við sveitarfélög, ráðuneyti, stéttarfélög, Virk, VMST.
  - Vinnumiðlun, ráðgjöf, stuðningur og handleiðsla við starfsfólk leik- og grunnskóla vegna breytinga á þeirra störfum
- Sálfélagslegur stuðningur verði í boði fyrir börn og ungmenni frá Grindavík a.m.k. næstu þrjú ár.
  - Móttökuáætlanir í öllum leik- og grunnskólum fyrir börn frá Grindavík
  - Áfallamiðaðir starfshættir og öllum kennurum sem kenna grindvískum börnum sé tryggð fræðsla og ráðgjöf m.a. um birtingarmyndir, afleiðingar áfalla og hvernig beri að bregðast við. Fræðsla / námskeið í ágúst fyrir umsjónarkennara, deildarstjóra leikskóla, náms- og starfsráðgjafa
  - Sálfélagslegur stuðningur í formi sálfræðiviðtala, fjölskylduráðgjafar og námskeiða

- Eftirlit með skólagöngu og þjónustu við börn frá Grindavík í því skyni að þau fái þann stuðning sem þau þurfa og að fylgst sé sérstaklega með líðan þeirra og skólasókn
- Huga þarf sérstaklega að líðan og ástundun framhaldsskólanema og gera ráðstafanir til að fyrirbyggja brottfall þeirra úr námi
- Stuðningur við skóla- og félagsþjónustu sveitarfélaga m.a. frá skólaþjónustu Grindavíkur/MMS/BOFS
  - Stuðningur við börn og ungmenni sem einangrast og eru vanvirk
  - Stuðningur við þjónustuveitendur í sveitarfélögum m.t.t. skólaþjónustu- og farsældarlaga
- Frístundastarf fyrir börn og ungmenni frá Grindavík í sumar
- Miðlæg félagsmiðstöð fyrir börn og ungmenni til viðbótar við frístundastarf í nærsamfélagi.

Gamlir bekkir hittist t.d. með umsjónarkennara. Það gerir öllum mögulegt að hittast, þar sem byggt er á bekkjagrunni þar sem allir sitja við sama borð óháð áhugamálum

- Námskeið
- Sumarbúðir
- Vinnuskóli
- Bjóða upp á frístundastrætó
- Börn og ungmenni í tónlistarnámi geti haldið því áfram

### **Tillögur starfshóps að þjónustuteymi við fjölskyldur í Grindavík**

Grindavíkurbær glímir nú við fordæmalausar aðstæður. Við þessar aðstæður þarf að huga heildstætt að málefnum, stöðu og hagsmunum grindvískra barna og fjölskyldna til framtíðar en ekki síst réttindum og farsæld þeirra til skemmri og lengri tíma. Íbúar Grindavíkur þurfa vegna stöðunnar a.m.k. tímabundið, að búa og sækja þjónustu og skóla í öðrum sveitarfélögum og glíma margir við atvinnu og tekjumissi. Mikilvægt er að fjölskyldur og einstaklingar frá Grindavík fái á næstu vikum og mánuðum markvissan og fjölþættan stuðning við þær áskoranir og aðrar sem upp geta komið. Lagt er til að Bæjarstjórn Grindavíkurbæjar óski því eftir samtali við ríkisstjórn um frekari aðkomu að málefnum íbúa og þá sérstaklega til að tryggði fullnægjandi stuðning við bæjarbúa.

Lagt er til að í samvinnu ríkið verði komið á sérstöku þjónustuteymi við íbúa.

Þjónustuteymið bjóði viðtöl öllum Grindvíkingum sem þess óska og vinni tillögur að

stuðningi við einstaklinga og fjölskyldur með farsæld Grindvíkinga að leiðarljósi. Til að tryggja góða vinnslu er mikilvægt að í þjónustuteymi starfi sérfræðingar í fullu starfi.

Verkefni þjónustuteymis : Teymið vinni á grundvelli samtala og upplýsinga frá einstaklingi/fjölskyldu. Tillögur að aðgerðum í þágu einstaklinga og fjölskyldna. Dæmi um málefni: Farið yfir stöðu og væntingar til framtíðar (hvar húsnæði ef fast og hvar vilji til að vinna og við hvað). Mat á heilsu og líðan: á grundvelli þess veitt ráðgjöf og stuðningur og stuðningur til nýs starfs.

1. Húsnæðismál og fjármál heimila
  - Hvar býr fjölskyldan og hvort fast húsnæði til lengri tíma. Þarfir og vilji barnanna
2. Skólamál og frístundir
  - Hvar býr fjölskyldan og hvort hún hafi fast húsnæði til lengri tíma. Stuðningur við aðlögun í hverfissskóla, leikskólavistun. Þarfir og vilji barnanna
3. Fjölskyldu- og velferðarmál, ráðgjöf og sálfélagslegur stuðningur
  - Þjónusta í nærumhverfi
  - Aðgengi að sálfélagslegum stuðningi fyrir einstaklinga, fjölskyldur og börn
4. Stuðningur við sveitarfélög og aðra um málefni grindvískra barna
  - Stuðningur við þá sem hafa fengið einstaklinga og fjölskyldur frá Grindavík m.t.t. skóla, vinnu, þjónustu, osfrv. Stuðningur og samstarf við aðra aðila eins og íþróttafélög og annað.